


Mannauðs- og jafnréttisstefna Isavia ohf.



Mannauðs- og jafnréttisstefna Isavia ohf.

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

5. janúar 2026

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Efnisyfirlit

1 Tilgangur og umfang	4
2 Stefna og markmið	4
3 Framfylgd stefnunnar og mæling á árangri	4
4 Stefnuáherslur	4
Uppbyggileg og öflug forysta	4
Faglegt ferli við val og móttöku nýs starfsfólks	4
Virðingarverð starfslok	5
Tækifæri til vaxtar og þróunar	5
Öruggur og heilbrigður vinnustaður	5
Öflug liðsheild og uppbyggileg samskipti	5
Fjölbreyttur og eftirsóknarverður vinnustaður	5
Jafnrétti	5
5 Annað	6

1 Tilgangur og umfang

Mannauðs- og jafnréttisstefnan tekur til allrar starfsemi Isavia og dótturfélaga, stjórn, stjórnendur og starfsfólk skal virða hana í öllum störfum sínum fyrir félagið. Mannauðs- og jafnréttisstefnan byggir á stefnu Isavia og uppfyllir kröfur í lögum og reglugerðum.

2 Stefna og markmið

Félagið leggur áherslu á að starfsfólk sýni hvert öðru virðingu og sé heiðarlegt gagnvart sjálfu sér og öðrum. Félagið er í fararbroddi sem vinnustaður þar sem jafnrétti og traust ríkir. Stefna okkar í mannauðs- og jafnréttismálum er að skapa gott starfsumhverfi þar sem starfsfólk er hvatt til að viðhalda gleðinni, vera hugrakt, uppbyggilegt og um leið að taka ábyrgð á eigin frammistöðu. Við vinnum saman og náum árangri sem ein heild.

3 Framfylgd stefnunnar og mæling á árangri

Mannauðs- og jafnréttisstefnunni er framfylgt með útgefnu og kynntu verklagi sem er ýmist aðgengilegt öllu starfsfólki eða leiðtogum á innri vef og í gæðahandbók félagsins. Við mat á árangri stefnunnar eru notuð ýmis mælitæki svo sem reglulegar viðhorfsskannanir, stjórnendamat, samtöl, tölfræðiúttektir, jafnréttistölfræði o.fl.

4 Stefnuáherslur

Uppbyggileg og öflug forysta

Við sem sinnum leiðtogahlutverki komum fram af virðingu, stuðlum að valdeflingu, erum hvetjandi, byggjum upp traust og góða liðsheild. Við göngum fram með góðu fordæmi með því að hafa skýra framtíðarsýn og veita reglulega og uppbyggilega endurgjöf til samstarfsfólks okkar um stefnu, hlutverk, árangur og markmið í starfi. Fjölbreyttur bakgrunnur leiðtoga okkar, þ.m.t. kyn, aldur, þekking, reynsla og færni er lykilinn að öflugri forystu.

Faglegt ferli við val og móttöku nýs starfsfólks

Við val á nýju starfsfólki og starfsþróun eru viðhöfð vönduð vinnubrögð og þátttakendur í ráðningarferlinu eru meðvituð um að ávallt þarf að gæta hlutleysis. Öll störf eru auglýst nema annað sé sérstaklega ákveðið í verklagi félagsins. Auglýst störf standa opin öllum þeim sem búa yfir tilskilinni menntun, hæfni eða færni óháð kyni, uppruna eða aldri. Við ráðningu og tilfærslu í starfi fáum við viðeigandi upplýsingar, þjálfun og aðföng til að sinna starfi okkar vel frá fyrsta degi.

Virðingarverð starfslok

Þegar við látum af störfum hjá félaginu erum við kvödd með virðingu og það er leitast við að láta hagsmuni félagsins og okkar fara saman við starfslokin.

Tækifæri til vaxtar og þróunar

Við fáum markvissa þjálfun þannig að við getum tekist á við störf okkar af öryggi og ánægju. Fræðsla og þjálfun byggja á fyrirliggjandi kröfum og stefnum félagsins hverju sinni. Það ríkir lærdómsmenning meðal okkar sem er tilkomin vegna öflugs fræðslustarfs og hvatningu um að taka ábyrgð á eigin þekkingu og hæfni. Okkur stendur öllum til boða styrkir til náms utan fyrirtækisins sem hjálpa okkur að eflast í starfi.

Öruggur og heilbrigður vinnustaður

Vinnustaðurinn okkar er líflegur og áhugaverður þar sem aðbúnaður og aðstaða er eins og best verður á kosið. Starfsumhverfið okkar einkennist af gagnkvæmum sveigjanleika þar sem þarfir starfs- og fjölskylduábyrgðar fara saman. Fyrirtækjamenningin okkar einkennist af trausti sem leiðir til aukins félagslegs öryggis þar sem hvert okkar fær umboð til athafna og tekur ábyrgð á eigin frammistöðu.

Góð andleg og líkamleg heilsa er okkur afar mikilvæg og því sköpum við umhverfi sem styður við meðvitund okkar um þá þætti og gerir okkur kleift að leita okkur aðstoðar ef á reynir.

Öflug liðsheild og uppbyggileg samskipti

Samskipti okkar eru opin og heiðarleg og við komum fram við hvert annað af virðingu og leggjum hvert öðru lið við dagleg störf. Okkur er umhugað um líðan hvers annars og leggjum áherslu á jafnrétti, traust og heilsusamlegt starfsumhverfi. Við líðum hvorki né tökum þátt í einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða annarskonar ofbeldi. Við tryggjum ánægju og öryggi hvers annars, fögnum sigrum og höfum gleðina ávallt að leiðarljósi.

Fjölbreyttur og eftirsóknarverður vinnustaður

Fjölbreyttur uppruni og bakgrunnur okkar styður við árangur og gerir vinnustaðinn eftirsóknarverðan. Okkur er umhugað um hvort annað og leggjum okkur fram við að jafna möguleika og þátttöku allra hópa samfélagsins og fögnum þannig fjölbreytileikanum.

Jafnrétti

Við höfum jafnrétti ávallt að leiðarljósi og virk jafnréttisáætlun og vel innleitt, skjalfest og vottað jafnlaunakerfi tryggir að fyllsta réttlætis sé gætt við ákvörðun launa. Jafnlaunakerfið stuðlar að því að greidd séu jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.

5 Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef. Stefna þessi er í gildi og bera framkvæmdastjórar ábyrgð á framfylgd hennar.

Samþykkt af framkvæmdastjórn þann 05.01.2026